

L Ö G**um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán er Akureyrarbær tekur að fjárhæð allt að 4 800 m.kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á hitaveituf framkvæmdum. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana og vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast allt að 230 m.kr. lán fyrir Láναςjóð íslenskra námsmanna á árinu 1978. Heimild þessi komi til viðbótar ábyrgðarheimild í lið LXXV í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 er nemi allt að 4 000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eða Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að taka lán til byggingar jarðstöðvar og sjálfvirkar millilandasímstöðvar er nemi allt að 1 550 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.